

10. gr.

Notkun gjaldflokka gjaldmælisins fer eftir gjaldskrá leigubifreiðastjóra á hverjum tíma. Þegar breyting verður á gjaldskrá, skal auglýst greinilega, svo að allur almenningur eigi þess kost að fylgjast með breytingunni.

11. gr.

Samgönguráðuneytið skipar löggildingarmann, einn eða fleiri, fyrir mælna og skal löggildingarmaður framkvæma mælingar á þeim og löggildingu, svo og viðgerðir, breytingar og innsíglun, gegn gjaldi, er samgönguráðuneytið ákveður.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt VII. kafla umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir fyrir brot renna í rikissjóð.

13. gr.

Rglugerð þessi er sett samkvæmt 86. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 181 5. maí 1974 og reglugerð nr. 432 17. september 1975 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 18. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Fellsstrandar

Grund	40 einingar
Hallsstaðir	34 —
Harastaðir	26 —
Kjarlaksstaðir	166 —
Litla-Tunga	88 —
Orrahóll	37 —
Staðarfell	83 —
Stóra-Tunga	175 —
Stóri-Galtardalur	38 —
Svínaskógur	16 —
Túngarður	26 —
Ytra-Fell	271 —

Samtals 1.000 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.